

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/20/EB frá 2. mars 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu klórprófami ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/30/EB frá 10. mars 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum bensósýru, flasasúlfúroni og pýraklóstróbíni ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB frá 23. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum alfa-sýpermetríni, benalaxýli, brómxýnili, desmedífami, joxýnili og fenmedífami ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/60/EB frá 23. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu kínoxýfeni ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/62/EB frá 26. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu mepanípýrími ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB frá 28. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta *Pseudomonas chlororaphis* við sem virku efni ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 70, 9.3.2004, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 50.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 120, 24.4.2004, bls. 26.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 120, 24.4.2004, bls. 39.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 38.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 104.

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32004 L 0021**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/20/EB frá 2. mars 2004 (Stjtið. ESB L 70, 9.3.2004, bls. 32),
- **32004 L 0030**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/30/EB frá 10. mars 2004 (Stjtið. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 50),
- **32004 L 0058**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB frá 23. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 120, 24.4.2004, bls. 26),
- **32004 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/60/EB frá 23. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 120, 24.4.2004, bls. 39),
- **32004 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/62/EB frá 26. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 38),
- **32004 L 0071**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB frá 28. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 104).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/20/EB, 2004/30/EB, 2004/58/EB, 2004/60/EB, 2004/62/EB og 2004/71/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann